


## QUIPS

Fyrir 2-4 börn frá 3-7 ára.

Innhald: 4 spilaspjöld  
84 litatappar í 6 litum  
1 teningur  
1 litateningur  
1 plastpoki



Sameinar leik og nám  
Æfir skyn lita og forms  
Kennir að telja.

**Leikaðferð 1.** Hver þátttakandi fær eitt spjald. Verði eitt eða fleiri eftir, er það lagt til hliðar með tilheyrandi litatöppum. Síðan eru allir tapparnir sem eftir eru settir í pokann. Þátttakendur kasta síðan rauða teningnum hver á eftir öðrum og taka úr pokanum, án þess að sjá, jafnmarga tappa og teningurinn segir til um. Helst á að taka réttan fjölda af töppum með einu handtaki, og auðvitað án þes að kíkja ofan í pokann. Nú er litið á tappana sem upp úr pokanum koma og þeir settir á reiti með sama lit. Þeir tappar sem ekkert pláss er fyrir lengur, verða að fara ofan í pokann aftur. Síðan kastar sá næsti teningnum og svo koll af kolli þar til einn hefur þakið alla reitina og er hann þá sigurvegari.

**Leikaðferð 2.** Eins er farið að og áður, nema að nú eru tapparnir settir í kassalokið svo allir sjái, en síðan er bæði litateningnum og rauða teningnum kastað og litateningurinn segir þá til um litinn en rauði teningurinn fjölda tappana sem teknir eru og lagðir á spjaldið. Sé ekki lengur pláss fyrir tappa af þeim lit sem upp kemur, eru þeir settir aftur í kassann, og er þá röðin komin að þeim næsta. Sá vinnur sem fyrstur þekur reitina með töppum af tilsvarandi lit.